



Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Til bæjarráðs,

Kópavogi, 13. október 2025
25101204/502.00 GEF

Efni: Stöðvarhvarf 6-8. Beiðni um heimild til veðsetningar.

Lóðarhafar lóðanna að Stöðvarhvarfi 6-8, hafa óskað eftir því að fá heimild til veðsetningar fyrir því sem nemur byggingarréttargjaldi lóðanna.

Lóðunum Stöðvarhvarfi 6 og 8 var úthlutað til Manntaks ehf. Hljóðaði tilboð félagsins í byggingarréttargjald fyrir lóðirnar upp á kr. 66.750.000,- fyrir hvora lóð, samtals kr. **133.500.000,-**. Miðað er við að sú fjárhæð sem óskað er veðsetningar fyrir, sé aldrei hærri en fokheldsverðmæti viðkomandi fasteignar. Um er að ræða tvö fjórbýlishús með hámarksbyggingarmagn ofanjarðar (íbúðarfermetrar) 589 m² hvort, samtals 1.178 m². Fokheldisverðmæti húsanna er áætlað um kr. 565.440.000,- og er umbeðin lánsfjárhæð því lægri en áætlað fokheldisverðmæti.

Beiðnin hefur verið yfirfarin af skrifstofu áhættu- og fjárstýringar sem gerir ekki athugasemdir.

Með hliðsjón af framangreindu er lagt til að umbeðin heimild um veðsetningu að fjárhæð kr. 133.500.000,- verði samþykkt.

Virðingarfyllst,

Guðrún Edda Finnbogadóttir

Skrifstofustjóri umhverfissviðs

